

Vinahópar



Kæru foreldrar og börn.

Nú er komið að vinahópum í 3. og 4. bekk. Bekkjarfulltrúar fengu aðstoð frá umsjónarkennurum við að raða í hópana.

Hér eru nokkir punktar sem gott er að fara eftir:

.

- Hvert barn hefur 4 vikur til að halda sinn vinahóp. Ef sá tími hentar ekki er um að gera að fá einhvern í hópnum til að skipta við sig svo þetta dragist ekki.
- Vinahóp má halda þegar hverjum og einum hentar í ca. 1–2 klst. svona til viðmiðunar en miða tímasetningar við útivistarreglur.
- Það er um að gera að halda kostnaði í lágmarki og hafa frekar að leiðarljósi að hafa gaman. Þetta er ekki keppni.
- Gert er ráð fyrir að hóparnir rúlli einu sinni nú á skólaárinu þannig að allir geti boðið sínum hóp.

Hér eru svo nokkrar uppástungur fyrir þá sem vilja:

- Leika saman í frjálsum leik
- Spila saman
- Fara út að leika
- Fara í göngutúr
- Baka saman